

Nd.

348. Nefndarálit

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir viljað halda sér innan takmarka fjárlagafrumv. um styrk til flóabátaferðanna. Hinsvegar er nefndinni ljóst, að upphæð sú, sem frv. gerir ráð fyrir að varið sé í þessu skyni, er langt frá því nægileg til þess að fullnægja brýnustu þörfum. Einkum er tap á rekstri Djúpbátsins og Flateyjarbátsins i-skyggilega mikið, en þó sér nefndin ekki fært, eins erfiðar og fjárhagsástæður ríkissjóðs eru, að hækka styrkinn til þeirra.

Farið hefir verið fram á miklum mun hærri styrk til allra hinna stærri báta en þann, sem nefndin leggur til, að veittur verði. Í ýmsum héruðum eru þessar bátaferðir þær einu samgöngur á sjó, sem héruðin hafa. Svo er um Ísafjarðardjúp, norðanverðan Breiðafjörð, Skaftafells- og Rangárvallasýslur. Við Ísafjarðardjúp og norðanverðan Breiðafjörð eru heldur engar samgöngur á landi.

Það hefir átt sér stað nokkur óánægja með, hvernig styrk þeim, sem Hornafjarðarbátur hefir fengið í fjárlögum, hefir verið varið. Á Hornafirði reka Austfirðingar talsverðar fiskveiðar á vetrar- og vorvertið. Flutningaþörf er mikil á þessum tíma árs, og gerir nefndin því tillögu um, að 4000 kr. af upphæð-

inni verði varið til styrktar samgöngum við Austfirði á vertíðinni, og þar með létt undir með útgerðinni.

Flateyjarbáturinn (Norðri) sótti um 1000 kr. aukastyrk til vélarkaupa í bátinn. Vegna hinnar erfiðu afkomu þessa báts vill nefndin, að veittar verði 500 kr. í þessu skyni; hefir þá verið veittur styrkur til að kaupa vél í þennan bát alls 3500 kr.

Öræfingar hafa enn á ný farið fram á flutningastyrk. Vill nefndin verða að nokkru við beiðni þeirra, en telur, að Skaftfellingur eigi að fullnægja brýnustu þörfum þeirra og ber því fram sérstaka brtt. um, að þeir fái 600 kr. af því fé, sem áætlað er til Skaftfellings.

Nefndin leggur til, að þeim 78000 kr., sem veittar eru til flóabátaferða í fjárlögum 1934, verði skipt þannig:

| | |
|--|-----------|
| 1. Borgarnesbátur, enda fari hann minnst 4 ferðir til Breiðafj. . . | 20000 kr. |
| 2. Djúpbáturinn | 19000 — |
| 3. Hornafjarðarbátur (þar af 4000 kr. til flutninga milli Hornafj. og Austfjarða á vertíðinni) | 7500 — |
| 4. Til bátaferða innan A.-Skaftafellssýslu | 800 — |
| 5. Til millilandaskips, með viðkomum við Rangársand, Vik, Skaftárós og Hvalsíki | 4000 — |
| 6. Rangársandsbátur | 1000 — |
| 7. Hvalfjarðarbátur | 1200 — |
| 8. Rauðasandsbátur | 400 — |
| 9. Mýrabátur | 400 — |
| 10. Langeyjarnesbátur | 200 — |
| 11. Lagarfljótsbátur | 800 — |
| 12. Eyjafjarðarbátur, enda fari hann fimm áætlunarferðir til Grimseyjar | 11000 — |
| 13. Grimseyjarbátur | 600 — |
| 14. Stykkishólmsbátur | 2600 — |
| 15. Flateyjarbátur | 8000 — |
| Sami upp í kostnað við kaup á mótórvél | 500 — |

Alls 78000 kr.

Alþingi, 31. marz 1933.

| | | |
|-----------------------------------|--|---------------------------------|
| Sveinn Ólafsson, form. | Jón A. Jónsson, frsm. | Jón Ólafsson, fundaskrifari. |
| Hannes Jónsson, með fyrirvara. | Sveinbjörn Högnason, með fyrirvara. | |